

þessa skuld, þar sem hann hefir ekki fært nein gild rök gegn greiðslu hennar og hefir sjálfur gengið inn á skulda-jöfnuð í viðskiptum sínum við aðalstefnda sbr. rskj. nr. 4.

Liðurinn kr. 144,05 virðist stafa frá 1923. Upphæðin er fyrst færð aðalstefnanda til útgjalda á viðskiptareikningi 1929. Það virðist því verða að líta svo á með sérstöku til-liti til þess, að aðalstefndur virðist ætíð að hafa fært sér-reikning yfir upphæð þessa, að upphæð þessi sé fyrnd og ber því aðalstefnda ekki skylda til þess að greiða hana.

Samkvæmt ofansögðu verður að draga frá hinni um-stefndu upphæð aðalstefnanda kr. 68,03 + kr. 84,13 + 170,97. Verða þá eftir kr. 143,78, er verður að skylda aðal-stefnda til þess að greiða aðalstefnanda ásamt 6% árs-vöxtum frá 7. dez. 1929 til borgunardags. Eftir þessum úr-slitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í aðal- og gagnsök.

Dómarinn lætur þess getið að vegna mikils embættis-annrikis og fjarveru dómarans frá embættinu um hrið sé dómur þessi fyrst uppkveðinn nú.

Miðvikudaginn 17. febr. 1932.

Nr. 39/1931. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)

gegn

Tryggva Jóhannessyni

(Garðar Þorsteinsson)

og

Ósk Aðalheiði Sigurðardóttur

(Lárus Jóhannesson).

Innbrotspjófnaður og hilming.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. marz 1931: Ákærð-ur, Tryggvi Jóhannesson, sæti betrunarhúsvinnu í 12 mán-uði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostn-aðinn við gæzluvarðhald sitt. Ennfremur greiði hann Sig-urði B. Sigurðssyni, fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg, 1000 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærð, Ósk Aðalheiður Sigurðardóttir, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga. En fullnustu refsingar skal frestað og hún falla niður nema ákærð innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmd til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með eigin játningu og öðrum skýrslum í máli þessu er það sannað, að ákærði, Tryggvi Jóhannesson, hefir framið innbrot þau og þjófnaði, sem hinn áfrýjaði aukaréttardómur greinir frá. Þessi afbrot ákærða heyra undir 7. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, sbr. 231. gr. 4. lið hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing ákærða með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin af héraðsdómaranum 12 mánaða betrunarhússvinna.

Ennfremur verður að telja það nægilega sannað, að ákærða, Ósk Aðalheiður Sigurðardóttir, hafi haft vitneskju um að vörur þær, er eiginmaður hennar, ákærði, Tryggvi Jóhannesson, flutti heim til þeirra og hún notfærði sér, væru stolnar. Hefir héraðsdómarinn því réttilega heimfært afbrot hennar undir 240. gr. hegningarlaganna, og með skírskotun til þess, sem tekið er fram í aukaréttardóminum, má fallast á að héraðsdómarinn hefir ákveðið refsingu hennar 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og bundið refsinguna skilorði samkv. lögum nr. 39, 16. nóv. 1907. Það ber því að staðfesta aukaréttardóminn einnig að þessu leyti.

Af hálfu verzlunarinnar Edinborg hefir verið krafizt 1000 kr. skaðabóta fyrir hinar stolnu vörur og hefir ákærði, Tryggvi Jóhannesson, í prófum

málsins tjáð sig vilja reyna að greiða þær bætur, en þar sem hvorugu hinna ákærðu hefir í aukaréttarstefnunni verið stefnt til skaðabótagreiðslu og héraðsdómarinn hefir heldur eigi í tilkynningu sinni um málshöfðunina getið þess, að skaðabóta yrði krafizt, þá verða skaðabætur eigi dæmdar í þessu máli.

Ákærða, Tryggva Jóhannessyni, ber að greiða gæzluvarðhaldskostnað sinn og hvort hinna ákærðu um sig greiði verjanda sínum í hæstarétti málsvarnarlaun, 80 kr., en allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti ber hinum ákærðu að greiða in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, 120 kr.

Rannsókn málsins er að ýmsu leyti ábótavant, meðal annars hafa hin ákærðu ekki verið samprófuð, engin rannsókn hefir farið fram út af skýrslu ákærða, Tryggva Jóhannessonar, um að hann hafi fundið vefnaðarvörustranga í portinu hjá Mjólkurfélagshúsinu og atvik, er lúta að innbroti hans í vesturenda kjallarans undir verzlunarhúsi Edinborgar eru lítið rannsökuð. Þrátt fyrir þessa og fleiri galla hefir eigi þótt næg ástæða til að vísa málinu heim til nýrrar rannsóknar.

Á flutningi málsins fyrir hæstarétti hefir orðið mikill dráttur. Málið var afgreitt frá hæstarétti til málflutningsmannanna 2. maí f. á., en kom ekki aftur til réttarins til flutnings fyrr en undir lok næstliðins mánaðar. Hefir verjandi ákærðu skýrt svo frá, að þessi dráttur eigi rót sína að rekja til þess, að sendisveinn hans, er flytja átti málskjölin til fjölritunar á útdrættinum, hafi afhent þau á rangan stað og þau legið þar langan tíma án þess vitneskja fengist um, hvar þau væru, og þykir að

svo vöxnu máli eigi ástæða til að sekta málflutningsmanninn fyrir dráttinn.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Tryggvi Jóhannesson, sæti betrunarhússvinnu í 12 mánuði og ákærða, Ósk Aðalheiður Sigurðardóttir, sæti 45 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu refsingar hennar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár, ef hún heldur skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákærði, Tryggvi Jóhannesson, greiði gæzluvarðhaldskostnað sinn og laun verjanda síns í hæstarétti, málflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, 80 kr. Ákærða, Ósk Aðalheiður Sigurðardóttir, greiði málflutningslaun verjanda síns í hæstarétti, málflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti greiði bæði hin ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, málflutningsmanns Eggerts Claessen, 120 kr.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Tryggva Jóhannessyni, bifreiðarstjóra og konu hans, Aðalheiði Ósk, Sigurðardóttur, báðum til heimilis á Laugavegi 39, fyrir brot gegn ákvæðum 23. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar

breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og við-
auka við hana.

Málavextir eru þeir sem hér segir: Snemma á síðastliðnu sumri varð starfsfólk í verzluninni Edinborg hér í bænum vart við það, að vörur fóru að hverfa úr búðinni. En í októbermánuði síðastliðnum fór einnig að bera á því, að smápeningar hurfu úr búðarskúffunum á nóttunni, stundum aðra hvora nótt, stundum þriðju hvora nótt, en stundum leið lengra á milli.

Auk þess var og þá saknað ýmskonar varnings, káputau, kápuskinn, ilmvatn, o. fl., þetta leiddi til þess, að tveir menn voru fengnir til þess að vaka á nóttunni í verzluninni laust fyrir og eftir áramót síðastliðin. Nóttina á milli 12. og 13. janúar lokuðu þeir sig inni í vefnaðarvörudeild verzlunarinnar. Klukkan um 4,50 um nóttina heyrðu þeir þrusk í kjallara undir verzlunardeild þessari. Eftir nokkrar mínútur var hurð sú, er liggur úr kjallaranum upp í verzlunina, opnuð og inn kom ákærður í þessu máli, með vasaljós í hendi. Réðust varðmennirnir þegar að honum, en hann veitti viðnám, eftir nokkrar sviftingar höfðu þeir hann undir, og var hann síðan afhentur lögreglunni, sem fór með hann í fangahúsið.

Fyrir réttinum viðurkenndi ákærður að hafa farið mörgum sinnum inn í verzlunina Edinborg. Kveðst hann hafa byrjað að fara þar inn síðastliðið sumar í júnímánuði að því er hann hyggur, og síðan farið að staðaldri þar inn allt til þess er hann var tekinn, en hafði enga tölu á því, hve oft hann fór inn. Fyrst er hann fór inn, kom hann að einum kjallaraglugganum, sem var ókræktur aftur. En járnrimlar voru fyrir glugganum. Skrúfaði ákærður einn rimilinn frá með litlum skiptilykli og skreið síðan inn. Úr kjallaranum eru dyrnar upp í búðina læstar með smekklás, og er smekklásinn kjallaramegin, og var ákærðum því greiður inngangur í búðina, eftir að hann var kominn inn í kjallarann. Inn um þennan glugga fór ákærður alltaf á sama hátt, og krækti glugganum upp, er hann var kræktur aftur, með því að reka járntein, sem hann hafði, í gegnum ventiltat í gluggahorninu, en þegar hann var búinn að vera inni og ná í það sem hann gat tekið með sér af varningi, þá lét hann það út um þennan sama glugga, fór síðan sjálfur út um hann, skrúfaði

járnrimilinn aftur fyrir og krækti glugganum aftur á sama hátt og hann hafði opnað hann. Við húsrannsókn, er gerð var hjá ákærðum, fundust í skápum og kommóðuskúffum og opi bak við stigagatið, þar sem gengið er upp á loft íbúðarinnar, kynstrin öll af álnavöru og allskonar varningi. Ákærður viðurkenndi að hafa stolið öllum þessum vörum úr verzluninni Edinborg. Vörur þessar voru teknar og skilað aftur í verzlunina Edinborg og samkvæmt uppskrift og verðlagningu reyndist útsöluverð þeirra að vera á þriðja þúsund krónur. Auk þess fundust smábútar af ýmiskonar vefnaðarvörutegundum, og þótti ekki ólíklegt að ákærður hefði tekið af því heila stranga, en því hefir hann ávallt staðfastlega neitað. En gardínuströngum viðurkenndi ákærður að hafa stolið, og voru gardínur allar fyrir gluggum hans úr hinu dýrasta efni og stolnar úr Edinborg. Auk þessa, sem þannig fannst heima hjá honum, hefir ákærður játað að hafa selt 5 fataefni á 40 kr. stykkið, en fataefninu hafi hann stolið úr Edinborg. Einnig seldi ákærður divanteppi, tvö eða þrjú seðlaveski og tvo tóbakspunga, sem hann hafði stolið úr Edinborg. Annað kveðst ákærður ekki hafa selt af varningi þeim, sem hann tók úr Edinborg. Ákærður hefir og kannast við að hafa tekið við og við eitthvað af smápeningum úr búðarskúffunni í Edinborg er hann var þar inni, en veit ekki hve mikið það var, en það mun ekki hafa numið miklu. Auk þess, sem að framan er lýst, þá hefir ákærður játað, að hafa einu sinni einn morgun klukkan á 7. tímanum farið inn í vestri kjallarann undir Edinborg. Fór hann inn um opnar dyr, þar sem miðstöðin er kynt, sparkaði síðan upp kjallaradyrunum, fór inn og stal þar í þetta skipti tauvindu. Hann fór og oft niður í glervörudeildarkjallarann; opnaði hann dyrnar niður í kjallarann úr búðinni, eftir að hann var kominn inn í hana, með lyklum, sem geymdir eru í búðarskúffunni í glervörudeildinni uppi.

Auk þess, sem hér er að framan lýst, hefir kona ákærða, sem og er ákærð í máli þessu, mikið notfært sér hinn stolna varning. Hefir hún látið tvær saumakonur hér í bænum sauma á sig, telpu þeirra hjóna og vinnukonu þeirra, nokkra kjóla og kápur úr dýrindisefni. Einnig seldi hún annari saumakonunni eina kápu, sem hún var búin að sauma, og lét hina hafa upp í saumalaun 5 metra

af flaueli. Ákærða hefir sjálf skýrt svo frá, að hún hafi orðið vör við það, að ákærður kom heim með mikið af vefnaðarvöru, og enn fremur kveðst hún tvisvar sinnum hafa orðið vör við það, að ákærður var úti á nóttunni. Sagði hún fyrst, að sér þætti þetta nokkuð grunsamlegt, en hélt því þó fram, að hún hefði ekki haft hugmynd um að vörurnar væru illa fengnar. Kveður ákærðan ekkert hafa sagt sér um það, og kveðst hafa álitid að hann hefði fengið þær í braski.

Ákærður hefir hinsvegar haldið því fram, að ákærð hafi fyrst lengi vel ekkert vitað um það, að vörur þær, sem hann kom heim með, væru stolnar. En hann kveðst þó löngu áður en upp komst um hann hafa sagt henni, að vörurnar væru stolnar úr Edinborg. Kveður hann að ákærð hafi þá aðvarað sig um að gera þetta ekki, en hún hafi samt notfært sér vörurnar. Ákærður kveður ákærðu aldrei hafa verið með sér, er hann framdi innbrotin, og hún hafi aldrei hvatt sig til þess.

Eins og fyrr er sagt neitar ákærða því, að ákærður hafi nokkurntíma sagt sér að vörurnar, sem hann kom með heim, væru stolnar. En rétturinn verður að líta svo á, að það sé næsta ólíklegt, að ákærðu hafi ekki grunað, að vörur þær, sem ákærður kom með heim, væru illa fengnar, þegar tekið er tillit til þess, hversu mikils virði þær voru, að ákærður hafði lélega atvinnu og að ákærð var vör við að ákærður var úti á nóttunni. Þegar við þetta bætist framburður ákærðs, þá verður að telja það fullvist, að ákærðri hafi verið kunnugt um, að hér var um þýfi að ræða.

Ákærður hefir ávallt neitað því, að nokkur annar en ákærð hafi verið í vitorði með sér um þessi innbrot og enginn hafi verið honum hjálplegur, er hann var að fremja þau, eða flytja þýfið heim.

Skaðabóta hefir verið krafizt fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg, að upphæð 1000 krónur, bæði fyrir vörur þær, sem ákærð hafa selt, og eins fyrir skemmdir á vörum þeim, sem fundust heima hjá honum. Þessari kröfu hefir ekki verið mótmælt og verður hún því fullkomlega tekin til greina.

Ákærður, Tryggvi Jóhannesson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. september 1900. Honum

hefir ekki verið refsað áður. Hann hefir setið í gæzluvarðhaldi frá 13. janúar til 11. febr. síðastliðinn. Framantalið brot hans ber að álit dómarans að heimfæra undir 231. grein alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, sbr. 7. gr. laga nr. 51, 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 12 mánuði.

Svo greiði hann Sigurði B. Sigurðssyni, fyrir hönd verzlunarinnar Edinborg, 1000 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærð, Ósk Aðalheiður Sigurðardóttir, er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 9. september 1898. Henni hefir ekki verið refsað áður. Framantalið brot hennar ber að álit dómarans að heimfæra undir 240. grein alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem hún hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga. En með því að hér er um fyrsta brot að ræða, og að ákærða er eiginkona ákærðs og virðist hafa aðvarað hann um að hætta innbrotum sínum, þykir mega ákveða, að refsing hennar skuli vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39, 16. nóv. 1907.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 19. febr. 1932.

Nr. 67/1931. **Elías Guðmundsson** (Eggert Claessen)

gegn

Póru Guðmundsdóttur

(Jón Ásbjörnsson).

Lögtak fyrir meðlagi fellt úr gildi.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 8. maí 1931: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal fram fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.